

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 2008 í máli nr. E-1965/2008:

Héðinn hf.

(Ásgeir Jónsson hrl.)

gegn

B.P. skipum ehf.

(Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 16. október sl., er höfðað með stefnu birtri 5. mars sl.

Stefnandi er Héðinn hf., Stórásí 4-6, Garðabæ, en stefndi er B.P. skip ehf., Lágmúla 5 í Reykjavík.

I.

Stefnandi krefst þess að hið stefnda félag greiði honum skuld að fjárhæð 132.758 krónur, ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 15. júlí 2007 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara verulegrar lækkunar á dómkröfum. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Í stefnu kemur fram að krafa stefnanda sé vegna viðskipta hins stefnda félags við stefnanda, en stefnandi reki málmsmiðju og veiti ýmsa þjónustu henni tengda. Byggi krafan á tveimur reikningum, sem báðir séu gefnir út 5. júní 2007, með gjalddaga 15. júlí 2007. Annar reikningurinn er vegna vinnu Guðmundar Hafsteinssonar, starfsmanns stefnanda, við leiðréttingar á tenginum, ásamt afnotum af vél, samtals að fjárhæð 86.118 krónur, en hinn vegna biðtíma starfsmanns vegna spílkkerfis, að fjárhæð 46.640 krónur. Samtals mynda fjárhæðir reikninganna

stefnukröfuna, 132.758 krónur. Þar sem skuldin hefur ekki fengist greidd, var stefnanda nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Um lagarök vísar stefnandi til reglna samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfu um dráttarvexti styður hann við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og kröfu um málskostnað við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Við aðalmeðferð málsins gaf framkvæmdastjóri stefnda, Björgvin Ólafsson, skýrslu fyrir dóminum, svo og vitnin Gunnar Hauksson og Þorsteinn Sverrisson, báðir starfsmenn stefnanda. Verður vikið að framburði þeirra eftir því sem þurfa þykir.

III.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ekkert réttarsamband sé á milli aðila og enginn samningur þeirra í milli um það verk sem stefnandi krefjist greiðslu fyrir. Stefndi beri því enga ábyrgð á kröfu stefnanda.

Í greinargerð stefnda kemur fram að stefndi hafi 11. nóvember 2005 gert samning við Rolls-Royce Marine AS um kaup á spilkerfi í skip stefnda, Vestmannaey VE-444, sem þá var í smíðum í Póllandi. Spilkerfið hafi átt að vera samsett, tengt og prufukeyrt samkvæmt tilgreindum aðferðum. Stefnandi sé umboðsaðili Rolls-Royce og hafi séð um ákveðna þjónustu fyrir Rolls-Royce vegna samnings stefnda og þess fyrirtækis. Meðal annars hafi stefnandi átt að kanna hvort spilkerfið væri rétt tengt og setja það í gang. Tekur stefndi fram að samkvæmt skilyrðum Rolls-Royce sé olía ekki sett á spilkerfið nema búið sé að tengja það rétt, að viðstöddum aðila á vegum Rolls-Royce. Jafnframt áréttar stefndi að enginn samningur hafi verið á milli stefnanda og stefnda um þá þjónustu sem stefnandi lét í té og krefjist greiðslu fyrir, þjónustan hafi hins vegar verið hluti af þeim samningi sem stefndi gerði við Rolls-Royce.

Stefndi bendir á að lokauppgjör vegna samnings stefnda og Rolls-Royce hafi þegar farið fram. Telji stefnandi sig eiga einhverjar fjárkröfur vegna þess samnings, hljóti hann að beina kröfum sínum að Rolls-Royce, enda hafi það verið Rolls-Royce sem réð stefnanda til þess að vinna þau verk sem stefnandi krefjist greiðslu fyrir, en ekki stefndi. Því beri að sýkna stefnda vegna aðildarskorts.

Varakrafa stefnda er reist á sömu sjónarmiðum og aðalkrafa hans. Mótmælir stefndi því að honum verði gert að greiða kostnað vegna biðtíma, sem og vegna verks sem stefndi telur að stefnandi hafi unnið fyrir annan aðila.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfuréttar. Krafa hans um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 130. gr. þeirra laga.

IV.

Í máli þessu liggur frammi samningur milli stefnda og Rolls-Royce Marine AS um kaup stefnda á spilkerfi í skip sem var í smíðum í Póllandi. Samningurinn er dagsettur 11. nóvember 2005 og undir hann rita Björgvin Ólafsson, fyrir hönd kaupanda, en Gunnar Hauksson, fyrir hönd seljanda. Fram er komið að stefnandi er umboðsaðili fyrir Rolls-Royce, en Gunnar Hauksson er starfsmaður stefnanda.

Í skýrslu starfsmanna stefnanda fyrir dómi kom fram að milli stefnanda og Rolls-Royce hafi verið samningur um að stefnandi annaðist ákveðna þjónustu og eftirlit fyrir Rolls-Royce, m.a. úttekt og prófun á spilkerfinu, þegar búið væri að setja það um borð í skipið. Þegar slíkt væri tímabært væri haft samband við stefnanda, sem sendi þá starfsmann í skipasmíðastöðina til þess að sinna því verkefni. Í þessu tilviki hefði Björgvin Ólafsson haft samband við stefnanda og óskað eftir því að starfsmaður færi til Póllands og annaðist úttekt og prófun á spilkerfinu. Var starfsmaður stefnanda, Guðmundur Hafsteinsson, því sendur til Póllands til þess að sinna þessu verkefni 6. febrúar 2007. Fyrir dómi staðfesti Björgvin Ólafsson að hann hefði óskað eftir því að starfsmaður stefnanda yrði sendur utan, þar sem komið var að því að taka út og prófa spilkerfið.

Meðal gagna málsins er verkskýrsla Guðmundar Hafsteinssonar, starfsmanns stefnanda. Eru verkefni starfsmannsins þar skráð dag frá degi á meðan hann dvaldi í Póllandi. Meðal annars er þar skráð að hann hafi beðið eftir því að fá 24V tengingu og að olía væri fyllt á kerfið. Jafnframt segir þar að mótórar hafi verið vitlaust tengdir og hafi hann leiðrétt tengingar og prófað þær.

Umrætt skip, Vestmannaey VE-444, var afhent kaupanda í marsmánuði 2007. Í framburðarskýrslu Gunnars Haukssonar kom fram að fundur hefði verið haldinn 17. apríl 2007, þar sem gengið hefði verið frá lokauppgjöri vegna umrædds samnings. Auk hans sjálfs hefðu setið fundinn Björgvin Ólafsson, framkvæmdastjóri stefnda, og tveir starfsmenn Rolls-Royce. Sagði Gunnar að á fundinum hefði verið tekist á um nokkur atriði, en samkomulag að lokum orðið um að stefndi greiddi eftirstöðvar kaupverðs samkvæmt samningnum, en Rolls-Royce samþykkt að gefa út kreditnótu vegna tafa á afhendingu spilkerfisins. Jafnframt hefði svo um samist að stefndi greiddi fyrir biðtíma starfsmanns stefnanda, Guðmundar Hafsteinssonar, á meðan hann annaðist úttekt og prófun á spilkerfinu í Póllandi, svo og vegna þess tíma sem skráður var til viðgerða á tengingum. Aðspurður sagði Gunnar að samkomulag þetta hefði verið munnlegt. Í framhaldi af fundinum hefði hann óskað eftir því við Þorstein Sverrisson, þjónustustjóra stefnanda, að hann sæi til þess að Guðmundur Hafsteinsson skilaði verkskýrslu sinni, svo senda mætti stefnda reikninginn. Fyrir dómi kvaðst Björgvin Ólafsson muna eftir þessum fundi, en mótmælti því alfarið að hann hefði þar samþykkt að greiða til stefnanda þá fjárhæð sem er tilefni þessarar málsóknar. Bætti hann við að sér þætti það nokkur furða, ef samið hefði verið um að skilja eftir svo lága fjárhæð og láta stefnanda um að rukka stefnda fyrir henni, þegar þess væri gætt að á fundinum hefði hann samþykkt að greiða Rolls-Royce sem lokagreiðslu u.þ.b. 360.000 evrur.

Við munnlegan flutning málsins byggði stefnandi á því að stefndi hefði á áður nefndum fundi samþykkt að greiða stefnanda fyrir þá vinnu sem starfsmaður stefnanda hefði innt af hendi í Póllandi, og sundurliðuð væri í framlögðum reikningum. Væri það staðfest af vitninu Gunnari Haukssyni. Þessu neitar stefndi

hins vegar. Jafnframt mótmælti stefndi þessari málsástæðu stefnanda og taldi hana of seint fram komna. Í stefnu sé á því byggt að stefndi hafi átt viðskipti við stefnanda og sé krafan sögð vegna þeirra viðskipta. Stoði ekki stefnanda nú að hafa uppi þá mäsástæðu að krafan byggi á samkomulagi aðila, enda sé slíkt samkomulag með öllu ósannað.

Eins og fram hefur komið gerði stefndi í máli þessu samning við Rolls-Royce um kaup á spilkerfi í skip stefnda. Samkvæmt samningnum átti spilkerfið að vera samsett, tengt og prufukeyrt. Milli stefnanda og Rolls-Royce var í gildi samningur, sem mun hafa kveðið á um að hinn fyrrnefndi annaðist ýmsa þjónustu fyrir Rolls-Royce, þ.á m. úttekt og prófun á spilkerfinu, þegar búið væri að koma því fyrir um borð í skipinu. Í samningi stefnda og Rolls-Royce er hvergi kveðið á um að stefndi skuli greiða sérstaklega fyrir þessa þjónustu stefnanda, hvorki að öllu leyti eða að hluta, né að biðtími vegna verktafa sé á ábyrgð stefnda. Verður því ekki annað ályktað en að þessi þjónusta hafi verið innifalin í sammingsverði, svo og áhættan af því að ekki væri unnt að sinna þeirri þjónustu þá þegar vegna tafa annarra verktaka.

Stefnanda hefur ekki tekist að færa sönnur á stefndi hafi samþykkt að greiða þá fjárhæð sem mynda stefnukröfur þessa máls. Þar sem fjárhæð þessi er utan sammingsfjárhæðar við Rolls-Royce bar honum sérstaklega að tryggja sér sönnun fyrir loforði stefnda um greiðslu skuldarinnar, t.d. skriflega eða með vætti annarra sem sátu umræddan fund. Það var hins vegar ekki gert og ber stefnandi hallann af því. Gegn andmælum stefnda telst því ósannað að hann hafi skuldbundið sig til greiðslu stefnufjárhæðarinnar. Ber því að fallast á kröfu stefnda og sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af úrslitum málsins, sbr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst hæfilegur 160.000 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar er litið til þess að stefndi er virðisaukaskattskyldur aðili.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, B.P. skip ehf., skal vera sýkn að af kröfum stefnanda, Héðins hf.

Stefnandi greiði stefnda 160.000 krónur í málskostnað.

Ingimundur Einarsson